

## Svar

### forsætisráðherra við fyrirspurn frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni um Guðmundar- og Geirfinnsmál.

1. *Í ljósi þess að ráðherra hefur fært svokölluð Guðmundar- og Geirfinnsmál inn á borð ríkisstjórnarinnar og haft persónulega aðkomu að þeim, telur ráðherra rétt að metið verði hvort þeir fjórir einstaklingar sem sannarlega sátu saklausir í einangrunarvist mánuðum saman á fyrri hluta árs 1976, eða eftir atvikum erfingjar þeirra, verðskuldi frekari skaðabætur vegna varðhaldsins og annarra úhrifa meðferðarinnar sem þeir sættu vegna málsins?*

Í dómum Hæstaréttar Íslands 3. mars 1983 í málum nr. 124–127/1980 voru fjórum mönnum dæmdar bætur fyrir að hafa setið í gæsluvarðhaldi í að meðaltali þrjú mánuði að ósekju. Þannig liggja fyrir endanlegir dómar í þeirra málum sem miðuðu eðli máls samkvæmt að því að bæta þeim að fullu það tjón sem þeir urðu fyrir.

2. *Telur ráðherra tilefni til að umræddir aðilar fái formlega afsökunarbeiðni af hálfu ríkisvaldsins?*

Afsökunarbeiðni forsætisráðherra, f.h. ríkisstjórnarinnar, 28. september 2018, náði ekki aðeins til þeirra sem sýknaðir voru með dómi Hæstaréttar 27. sama mánaðar í máli nr. 521/2017 og aðstandenda þeirra, heldur einnig annarra sem hafa átt um sárt að binda vegna málsins.

3. *Hefur ráðherra hitt umrædda aðila eða fulltrúa þeirra og ef ekki, væri hann þá reiðubúinn til að hitta þá æski þeir þess?*

Ráðherra hefur ekki hitt umrædda aðila eða fulltrúa þeirra vegna þess máls sem fyrirspurnin varðar. Ráðherra er á hinn bóginn að sjálfsögðu reiðubúinn til að eiga slíkan fund með aðilum ef eftir honum er óskað.